



Formannafundur LH

haldinn 8.11.2013 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Haraldur Þórarinnsson (HP) formaður LH setur fundinn. Tilnefni Huldu Gústafsdóttur sem fundarstjóra og Hildu Karen og Önnu Lilju starfsmenns skrifstofu LH sem ritara. Engar athugasemdir eru gerðar.

HP kynnir skýrslu stjórnar

Eftir að hafa kynnt skýrslu stjórnar segir HP frá klasahugmyndinni og þeim fundum sem haldnir hafa verið í tengslum við hugmyndina. Klasasamstarf hefur verið að virka í sjávarútvegnum og jarðvarmanum og nú síðast hefur ferðaþjónustan tekið þetta upp að einhverju leyti.

Kynning á ársreikningi 2012 og 8 mánaða uppgjöri 2013

Sigrún K. Þórðardóttir gjaldkeri LH kynnir.

Spurt úr sal af hverju launatengd gjöld fyrir 8 mánaða uppgjör 2013 séu jafnhá og fyrir allt árið 2012? Launakostnaður vegna Landsmótsvinnu hjá LH starfsmönnum er þar inni.

Hagnaður ársins 2012, spurt hvað veldur? Mótin hafa verið að koma vel út, og launakostnaður lækkar á milli ára.

Halldór H. Halldórsson (HH) formaður samgöngunefndar veltir fyrir sér hverjir séu helstu kostir og gallar þess að hestamannafélög taki að sér veghald.

Gallar: það felst mikil ábyrgð í því. Tryggingafélög kannski ekki tilbúin að tryggja hestamannafélög fyrir því að vera bótaskyld vegna veghalds.

Kostir: aukið fjármagn. Sigurður Ævarsson (SÆ) spyr hvort sé möguleiki fyrir félag að vera veghaldari á sínu afmarkaða, þrönga svæði. Niðurstaða lögfræðings í skýrslunni er að það sé óvíst um það hvort það sé hægt.

Kjartan Ólafsson formaður Sleipnis spyr hvort skýrsla stjórnar sé opin á netinu fyrir alla, og þá sérstaklega spurningarnar úr klasasamstarfinu. HP segir að skýrslan fari á netið eftir fundinn, og klasablaðið verði ljósritað svo fólk geti skoðað.

Magnús Sigurjónsson formaður Sörla spyr hvort ekki hefði verið betra að fá ársreikninginn útprentaðan. Hefðin er þó sú að ársreikningar eru aldrei gefnir út fyrr en þeir eru samþykktir, og þess vegna eru þeir ekki birtir opinberlega fyrr en eftir að hafa verið samþykktir.

Ólafur Þórisson formaður Geysis spyr hvort ekki sé búið að samþykkja ársreikning fyrir 2012? HP svarar að félagskjörnir endurskoðendur eigi eftir að samþykkja þá. Nú er það þannig að reikningar tveggja ára eru samþykktir á landsþingum.

Ólafur spyr aftur, úr skýrslu HP, að ekki sé minnst á LM 2014 í skýrslu stjórnar, hvort það flokkist ekki undir verkefni sem eru í vinnslu. HP svarar því að sjálfsgöðu sé það flokkað sem verkefni í vinnslu og sé í skýrslu stjórnar.



Stefán Logi Haraldsson formaður Skugga spyr varðandi reiðvegi, hver beri ábyrgð á þeim. Það er alveg ljóst að félögin eru að leggja mikla peninga í reiðvegagerð, það er einkennilegt ef ekki er hægt að komast að góðri niðurstöðu varðandi eignarhaldið á þeim. Skuggi hefur lent í því að opinberir aðilar hafa komið og tekið í sundur reiðvegi sem félagið hefur lagt, og skilið mjög illa við þá. Þegar hefur verið kvartað undan því hefur því verið illa tekið. Skuggi telur sig ekki hafa neina stöðu gagnvart þeim opinbera aðila sem skemmir veginn, að krefja hann um greiðslu.

Stefán ræðir líka um mannvirkjagerð. Það var töluvert gert við velli félagsins í sumar í kringum Íslandsmót og vellirnir slógu í gegn hjá knöpum. Hann bendir mannvirkjanefnd LH á að hlusta á knapa þegar kemur að gerð keppnisvalla.

Stefán ræðir líka um heimasíðu LH, finnst hún leiðinleg og óspennandi þegar verið er að leita sér upplýsinga. Hann fagnar því að reynt verði að tengja heimasíður félaganna betur og síðu LH.

Hann fagnar sameiningu hestamannafélaga, finnst það hið besta mál. Hann fagnar því að þessi umræða sé uppi á borðinu og leggur til að stjórn LH gefi út einhverjar leiðbeiningar um þessi mál.

Stefán er ósáttur við þá skýringu að ekki megi dreifa ársreikningum, hefði viljað fá þá út prentaða. Segir ekki hægt að fjalla um þetta þegar menn hafi ekki gögnin í höndunum. Honum finnst þetta vera léleg stjórnsýsla og segir að bæta verði úr þessu. Gerir líka athugasemdir við það að ekki sé lögð fram rekstraráætlun fyrir næsta ár.

Stefán spyr hvort stjórn LH hafi skoðað plögg sem fjárhagsnefnd LH lagði frá á landsþingi 2012. Hann ítrekar það, að stjórnin skoði gögnin frá nefndinni. Að lokum hvetur hann stjórn LH til að vera duglegri við að kalla félög saman, í landshlutum, þannig að fólk hittist oft og geti skipst á skoðunum. Þá ræðir hann fjármál félaga, það sé mjög erfitt að reka hestamannafélag í dag. Hann hvetur til þess að gjaldkerar félaga séu kallaðir saman alla vega árlega, til að bera saman bækur sínar.

HP kemur í pontu. Hann segir að reynt hafi verið að berjast eins og hægt er til að tryggja réttarstöðu félaga LH varðandi reiðvegina. Margir fundir hafa verið haldnir, án mikils árangurs, bæði með ráðherrum, ráðuneytisstjórum og öðrum. Nú hefur forseti Alþingis boðist til að aðstoða við þetta, og því einhver von um að málin fari að ganga aðeins betur. Þetta er auðvitað lykiltríði, að fá það á hreint hver ber ábyrgð á veginum ef slys verður á honum.

Varðandi mannvirkjanefnd þá telur HP að Stefán hafi misskilið sig, hann var ekki að mæla vikrinum bót. Þetta er þó alltaf til skoðunar, meðal annars hefur verið reynt að koma á samstarfi við Hvanneyri hvað þetta varðar.

Varðandi samþykktir síðasta landsþings þá hefur stjórn LH farið vel yfir þær. Varðandi reikninga þá eru þeir ekki til umræðu eða samþykktar samkvæmt lögum LH, heldur til kynningar. Vilji félagsmenn breytingu á því þurfa þeir að koma fram með lagabreytingu á næsta landsþingi. Endurskoðandi og stjórn LH hafa verið mjög ákveðin í að reikningar fari ekki út án samþykktar.

HP er sammála varðandi það að fjárhagur félaga skiptir auðvitað öllu máli, ef hann er ekki í lagi, þá er mikið að. Hann ítrekar þó að gjaldkerar eru velkomnir með á formannafund.



Hann segir það alveg hárrétt að stjórnarmenn megi vera duglegri að funda með félögum úti á landi, reynt verður að bæta úr því. Varðandi fjárhagsáætlun sem leggja á fyrir formannafund þá biðst hann afsökunar á því að hún sé ekki lögð fram og minnst þess ekki að það hafi verið gert á þessum fundum, þrátt fyrir að það standi í lögunum. Bætt verður úr því.

Æskulýðsbikar LH 2013

Helga afhendir hestamannafélaginu Sindra æskulýðsbikarinn 2013.

Kynning á Takti styrktarsjóði

Súsanna Ólafsdóttir kynnti styrktarsjóð hestamanna.

Kynning á sjálfboðaliðavef ÍSÍ

Kristín Lilja Friðriksdóttir kynnti sjálfboðaliðavef ÍSÍ sem verið var að setja í loftið. Þar geta sjálfboðaliðar/félög skráð vinnu sína í þágu sinna félaga.

Kynning á störfum öryggisnefndar LH

Halla Kjartansdóttir formaður nefndarinnar og Ragnhildur Helgadóttir kynna störf nefndarinnar. Benda fólki á heimasíðu nefndarinnar undir liðnum 'Fræðsla' á vef LH, lhhestar.is.

Nefndin tók fyrir brýnustu öryggismálefningin í daglegu starfi hestamanna fyrst. Brýn verkefni nú í gangi:

1. Tékklisti um öryggismál í hesthúsahverfum fyrir öryggisfulltrúa eða nefndir innan félaganna. Myndrænt plakat verður prentað fljótlega og komið út til allra.
2. Endurskinsnotkun – endurskin og öryggi með í jólapakkann. Búið að útbúa ákveðna pakka, einföld, nýtileg endurskinsvesti. 2 pakkar, með eða án vestis. VÍS tekur þátt í þessu með LH.

Nefndin ætlar í átak fyrir þessi jól, endurskinsmerki og hestamenn.

Halla nefnir aðgengi fyrir slökkviliðsbíla og sjúkrabíla í hesthúsahverfi. Mikilvægt að húsin/götturnar í hverfinu séu vel merkt, þannig að utanaðkomandi rati auðveldlega um hverfið.

Minna á öryggi með skiltum. Gæti verið skemmtilegt verkefni fyrir æskulýðsnefndir í félögum.

Spurt úr sal hvort væri til skráning á hestatengdum slysum? Svo er víst ekki.

Andrea M. Þorvaldsdóttir formaður Léttis, hvetur þau félög sem ekki eru með hestavöruverslun nálægt sér að selja þetta beint til sinna félaga. Hún bendir einnig á að berjast þurfi fyrir því að fá tollun á hjálmum í sama flokk og reiðhjólaljálmar, svo verði sé aðeins boðlegra.

Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ

Flytur góðar kveðjur frá framkvæmdastjórn ÍSÍ. Hann segir LH styðja ÍSÍ, svona stórt og öflugt samband. Hann nefnir þá aðsókn sem verið hefur að íslenskri getsþá undanfarið, t.d. bandalagi listamanna. Hann segir það mikilvægt að allir aðildarfélagar ÍSÍ séu vakandi yfir Getsþánni og verji hana. Hann ræðir þá sérstöðu sem LH hefur, að vera með hestinn, lifandi skepnu í íþróttum, en ekki bolta eða kylfur líkt og í mörgum öðrum íþróttum. Glíman hefur verið samþykkt sem þjóðaríþrótt af



ÍsÍ en á margan hátt ætti hestamennskan á Íslandi líka að vera í þeim flokki, þar sem hestamennskan er algjörlega einstök hér á landi.

Markaðs- og kynningarnefnd LH

Rætt um hugmyndir að nýliðun, s.s. félagshesthús, TREC, nýliðunarnámskeið og að hestamenn taki að sér einstaklinga. Einnig rætt um hestaklúbba, fyrir börn sem eiga hest eða ekki. Skapa vettvang fyrir þá sem eiga ekki hest að geta tekið þátt í hestamennsku. Gætu verið 2 hópar, 1-2 x í viku, eins og annað tólmstundastarf.

Næstu verkefni nefndarinnar: Skoða kosti klasasamstarfs.

Kynning frá HSS (hrossaræktarsamtök Suðurlands) um markaðsmál

Sveinn Steinarsson frá hrossaræktarsamtökum Suðurlands kom og kynnti nýútkomna skýrslu samstarfshóps á vegum samtakanna.

Andrea M. Þorvaldsdóttir spyr Svein hvort honum þyki eðlilegt að Markaðsstofa Suðurlands fari í samstarf við einkaaðila hvað varðar markaðssetningu á viðburði, en vilji ekki taka þátt í markaðssetningu á viðburðum á vegum LH? Sveinn segir ekki geta svarað fyrir markaðsstofuna, en segir þó hafa heyrt það utan af sér að leitað hafi verið eftir samstarfi við LH.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður Spretts gerir athugasemdir við það að hvergi í skýrslunni er spurt um hvort neytendur séu ánægðir með þá vöru sem verið er að selja. Sveinbjörn segist hafa efasemdir um að verið sé að framleiða rétt hross fyrir markaðinn sem við sækjum á. Hann segir að markaðinn vanti sárlega geðgóð geng hross, þetta finnst honum vanta í skýrsluna. Hjörný svarar þessu fyrir hönd nefndarinnar og segir þetta hafa verið í skýrslu nefndarinnar.

SÆ spyr út í muninn á Horse Expo og Hestadögum, hvort hann sé einhver annar en sá að annar er rekinn af einkaaðilum og hinn af félagasamtökum. Sveinn segir að þetta sé viðburður sem bundinn sé við ákveðið svæði, þar sem reynt sé að ná starfinu upp á þeim álagstíma sem mars/apríl er. SÆ segist einmitt hafa búist við því að þetta yrði haldið að hausti til, einmitt vegna þess að svo mikið sé nú þegar í boði á vorin.

Dr. Viðar Halldórsson félagsfræðingur

Viðar spyr: Hvað er árangur? Komið af orðinu árgangur. Að eflast, stækka, að bæta við sig, að þroskast (eins og tré). Við getum bætt hlutina, gert betur.

Hestamennskan er sameiginlegt átak mjög margra. Það er þátttaka fjöldans sem gerir þetta allt mögulegt.

Það eru ýmsar skilgreiningar á því hvað eru íþróttir, þær geta verið bæði mjög víðar og mjög þröngar. 10% af hestamennskunni er keppnishestamennskan, hún væri hinsvegar ekki til ef ekki væri fyrir hitt, almennu hestamennskuna, hún byggir nefnilega á því. Það er því mikilvægt að það sé virðing á milli beggja hópanna, það eru allir að vinna að því sama.



Hvernig myndum við góðar hefðir innan hestamenskunnar? Hefðir eru vinnubrögð sem tíðkast og við höfum ákveðið að vinna eftir.

Skiptir máli að vera vel tengdur. Vinir okkar hafa áhrif á hegðun okkar. Ef ég fer út að borða með manni sem borðar mjög mikið þá er ég líklegur til að borða mjög mikið. Besta ráðið til að fá fólk til að hætta að reykja er að umkringja reykingamanninn með fólk sem reykir ekki.

Neikvæðni er smitandi en að sama skapi getur jákvæðni líka verið smitandi. Að vera í kringum jákvætt fólk auðveldar þér að vera jákvæður.

Það að stunda íþróttir hefur forvarnarstarf, umgjörðin skiptir máli. Hlutverk íþróttastarfs í dag er að skapa góðar hefðir.

Við getum spurt okkur: eru jákvæðar hefðir ríkjandi í hestamennsku á Íslandi? Getum við gert betur? Er hestaíþróttin uppbyggjandi? Er hún aðlaðandi?

Vinnuhópar taka til starfa og svara spurningum:

Hvering getum við stuðlað að aukinni nýliðun í hestamennsku?

- Auðvelda aðgengi að hestum
- Opnir dagar í hestamannafélögum
- Samstarf við grunnskóla
- Jákvæðari umræðu og fréttir
- Efla reiðskóla
- Kennslan byggir á gleði og ánægju (hópefli)
- Hvað kostar að halda hest (ekki endilega dýrara en margt annað, 1 sigarettupakki á dag).

Hvernig getum við fjölgað sjálfboðaliðum í íþróttinni?

- Maður á mann aðferðin
- Ýta við fólk (ögra því) sem situr bara heima og hefur miklar skoðanir en eru kannski ekki að leggja alltaf mikið af mörkum.
- Starfið þarf að vera skemmtilegt – félagslegt (grilla o.fl)
- Afmarka verkefni
- Öflugir nefndarformenn – eru kosnir til að vinna
- Þátttaka í félagsstarfi er jákvætt fyrir þátttakendur.
- Höfða til uppbyggingar á sínu svæði.
- Skrá inn framlag sjálfboðaliða (umbunað og gera hátt undir höfði) – hægt að nýta inn á við en líka út á við gagnvart sveitarfélaginu.

Hvernig getum við aukið samheldni meðal hestamanna?

- Láta skilgreininguna yfir hestamenn ná yfir alla sem stunda hestamennsku, ekki búa til flokka, atvinnumenn, byrjendur...
- Að vinna saman að verkefnum – eykur líkur á að unnið sé að fleiri verkefnum saman.
- Þurfum að viðurkenna það sem gert er vel (sérstaklega neðst í pýramídanum).
- Koma á siðareglum.



- Bjóða upp á keppni sem hentar fleirum, smalakeppni, þolreið, Trec
- Þurfum að bera virðingu fyrir áhugamálum annarra, þó við höfum ekki áhuga á þeim sjálf.
- Félagsreiðtúrar
- Samvera
- Karlakvöld, kvennakvöld
- Bjóða fólki sem ekki tengist hestamenskunni að koma og upplifa, við sýnum okkar með stolti og það eykur á samheldni okkar.
- Vinna að því að þeir sem eru félagar séu eins virkir og hægt er. Byggja félagsstarfið þannig upp. Ekki bara huga að nýliðun, nýliðun getur orðið afleiða af því að þeir sem eru núna félagar séu virkir.
- Dreifa starfinu og kröftunum
- Muna að þeir sem stýra félögum eru ekki að því fyrir sjálfan sig.
- Ég laga mitt viðhorf. (allir að hugsa þannig, hver að líta í eigin barm).

Hvernig getum við búið til árangursríkari hefði í íslenskri hestamenskunni?

- Auka virðinguna í hestamenskunni af okkur sjálfum, að við berum meiri virðingu fyrir hvort öðru. Knappar þurfa að sýna þeim sem vinna að sjálfboðaliðastörfum miklu meiri virðingu. Að þessi rammi gildi fyrir alla, alls staðar.
- Sömu reglur fyrir alla, alltaf.
- Jákvæðara umhverfi (verkefni við hæfi, vera leyfilegt að gera mistök, t.d. krakkar í keppni)
- Styrkja okkar eigin vitund um hvernig við tölum um hvert annað. Leggjum til að LH komi af stað átaki í að hestamenn tali vel um hvorn annan.
- Verðmætin í hestamenskunni eru fólgin í samstarfinu, að vera saman. Ef við getum búið til þá hefð að við berum meiri virðingu fyrir hvort öðru, ef við náum að útrýma krabbameininu sem illt umtal er í hestamenskunni, þá erum við langt komin með að búa til góðan grunn fyrir góðri nýrri hefð í hestamenskunni.
- Nýliðun yrði minna mál ef þessi mál hér að ofan eru öll í lagi.

Trec kynning frá SÆ

SÆ segir í lok kynningar að öflugur Trec dómari sé tilbúinn að koma til landsins og kenna í febrúar. Það þarf um 15-20 manna dómarahóp í Trec til að koma þessu af stað.

Lokað reiðgerði / „opin“ reiðhöll?:

Fimm hópar (með 5 manns í) skiptu með sér verkum við uppbyggingu. Þetta efldi félagsandann. Reynt að miða við að hver aðili kæmi ekki mikið oft en 4 sinnum, til að vera ekki að níðast alltaf á sama fólkinu. Ákveðið fyrirfram hvað hver ætti að gera í hvert skipti. Efniskostnaður með öllu 1.250.000 krónur. 600 vinnustundir. Byrjað í september, vígt í desember.

Velferðarmál íslenska hestsins

Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hrossasjúkdóma hjá MAST segir okkur eiga framtíð okkar alveg undir því að sinna velferðarmálum íslenska hestsins vel. Hestinum verður að líða vel með þau verkefni sem hann er að gera.



Hún segir engan mun vera á milli áverka á hestum sem keppa í gæðinga- eða íþróttakeppni, eða sem keppa á Íslandsmóti eða Landsmóti.

Alvarlegt hversu margir eru með áverka í tölti, hluti af einkunn á að vera fyrir reiðmennsku, en Sigríður segir að það geti ekki verið að verið sé að gefa einkunn fyrir reiðmennsku með svona áverka. Hún segir eitthvað almennt vera að í íslenski hestamennsku, og við þurfum að komast að því hvað það er. Hún nefnir hugsanlega ástæðu að hestarnir séu stífir í bakinu, þá sitja knapar líka oft aftarlega. Þá segir hún okkar hugmyndir um hest í raun vera ofreistan hest. Sigríður segir að við séum að verðlauna í okkar dómaraakerfi, eitthvað sem leiðir svo þessa áverka af sér. Þá þurfum við að skoða hvað það er í líkamsbeitingu okkar sem veldur þessum áverkum í munni. Það er þó engin töfralausn á þessu og þetta er mikið langhlaup. Þetta gengur að miklu leyti út á fræðslu, og að hafa gott fræðsluefni (sem Sigríður hefur unnið að). Hún segir líka að það væri hægt að draga úr hluta vandans með því að nota ekki einjárnung með tunguboga, það leysi þó ekki allan vandann.

Sigríður kynnir vefinn www.mouthofthehorse.com

Spurning úr sal: Hefur Sigríður fundið fyrir gríðarlegri andstöðu við þetta verkefni hér heima? Hún segir svo ekki vera, en vill þó vinna þetta í góðri samvinnu við greinina, þannig er það langáhfrifaríkast, og til þess er hún hingað komin til að finna hvernig baklandið er í þessu. Viðmælandi úr sal (Guðmundur) segist styðja þetta og hvetur hana áfram í þessu.

SÆ segir auðvitað alla vilja halda áfram á þessari braut. Hann spyr, er Íslandshestamennskan illa stödd miðað við aðra hesta í svona málum? Sigríður telur okkur vera á góðu róli miðað við önnur hestakyn, fyrir utan það hvað það er ótrúlega magnað að hægt sé að skoða upp í munn á hverju hrossi á mótum hér, það er ekki sjálfgefið. Við erum því að taka ákveðna forystu. Við stríðum þó við líkamsbeitinguna í okkar hestamennsku, að hluta til gæti það verið þekkingarskortir að kenna.

Spurt úr sal: Er munur á áverkum eftir beislisbúnaði?

Svar: Já það er munur miðað við alvarleika (tungubogi veldur alvarlegustu áverkunum) og staðsetningu (innan í munninum, nátengt hringamélum). Kannski eru hinar venjulegu stangir minnst tengdar einhverjum áverkum. Tungubogi var vinsælastur hjá þeim sem riðu úrslit 2012.

Spurt úr sal: Sérðu mun eftir að skáreimin á enskum múl með stangamélum var bönnuð?

Svar: Nei það er enginn munur, hvorki milli kynbóta- og keppnishrossa, né ársins 2011 eða 2012.

Sigríður leggur upp úr því að gögn séu fyrirliggjandi, áður en ákvörðun er tekin. Nú liggja fyrir gögn gegn tunguboganum, sem hún segist furða sig á að ekki sé horft til og tunguboginn bannaður.

Hulda Gústafsdóttir tekur til máls. Hún fagnar þessari umræðu hjá Sigríði, sérstaklega varðandi líkamsbeitinguna sem hefur oft í för með sér reigða hesta. Reiðkennarar, knapar og allir þurfa að taka saman höndum til að koma í veg fyrir þetta. Sérindi í munni eru afleiðing af einhverju sem við erum að gera vitlaust og við þurfum að komast að því hvað það er.



Spurning úr sal: Þar sem keppnishestar hafa eingöngu verið skoðaðir, en ekki útreiðarhross, þá virðast sumir áhugamenn ekki telja sig geta lent í sömu áverkum og keppnishrossin. Sigríður er sammála því að þetta er því miður vandamál, en keppnisknappar verða að vera fyrirmyndin, og fara á undan í góðri meðferð á hrossunum sínum. Umræðan má þó ekki vera fókuseruð á að þetta sé eingöngu bundið við keppnishross.

Spurning úr sal: Gæti þetta ekki verið nemendaverkefni? Sigríður jánkur því, myndi vilja sjá marga nemendur vinna að þessu.

Spurning úr sal: Þarf ekki að kenna fólki að þekkja þessa áverka, að geta skoðað þetta sjálf (áverka í munni)? Sigríður segir það vera mjög gott, en umfram allt þarf að kenna fólki að forðast þessa áverka, þó auðvitað þurfi allir að geta borið kennsl á þessa áverka.

Önnur mál

1. Landsmót 2014

Ályktun frá skagfirsku hestamannafélagunum sem fundarstjóri les upp:

Stjórnir hestamannafélaga í Skagafirði átelja vinnubrögð stjórnar Landssambands hestamannafélaga við samningagerð vegna Landsmóts hestamanna í Skagafirði 2016.

Jónína Stefánsdóttir formaður Stíganda kemur í pontu. Hún minnir á það að skv. lögum LH á að vera búíð að undirrita samning vegna LM með 3ja ára fyrirvara. Hún hefur verið í sambandi við formann LH sem hefur sagt henni að þetta fari að koma, en ekkert gerist. Hún segir það erfitt að vinna að undirbúningi móts sem hún er ekki viss um að komi til með að vera í Skagafirði. Í framhaldinu óskar hún eftir því að stjórn LH fundi með skagfirðingum í 10 mín eftir að formannafundi lýkur.

HÞ kemur í pontu. Staða LM hefur verið slæm síðan fresta þurfti mótinu 2010 og tæknilega hefur LM verið gjaldþrota síðan þá og því hefur LH ekki geta samið um næsta LM þar sem ekki hefur legið ljóst fyrir hvernig ætti að vinna þá samninga. LM og LH hafa nánast alltaf þurft að standa í erfiðum samningum við þá sem skaffa svæðið, og þetta fyrirkomulag sem við notumst við orðið ansi þreytt. Hann segir það einnig að í bókun LH hafi verið ákveðið að ganga til viðræðna við Skagfirðinga vegna mótsins 2016, en Eyfirðingar sóttu einnig um LM 2016 og nýverið hefði komið bréf þar sem Sprettur býður sitt svæði náist ekki samningar. Gangi viðræður við Skagfirðinga ekki vel, verði stjórn LH að snúa sér til annarra. Þessi töl sem á þessu hefur orðið er ekki tilkomin vegna seinangangs, heldur hefur verið unnið að því að tryggja rekstrargrundvöll LM. Á meðan unnið hefur verið að endurskipulagningu á fjármögnun LM ehf, hefur verið rætt um að breyta því fyrirkomulagi sem hefur verið notað við úthlutun LM frá 2002, þannig að framvegis þurfi svæðin að bjóða í mótin og sýna hvað þau hafi upp á að bjóða fyrir áhorfendur og keppendur. Svo væri einnig hægt að skoða það að heilu svæðin/fjórðungar byðu í mótin og þeim þá úthlutað til þeirra gegn ákveðnu gjaldi.

Guðmundur Birkir Þorkelsson formaður Trausta: Hissa á því sem hann heyrir, að Landsmót verði hugsanlega ekki í Skagafirði 2016. Hann vill að Landsmót ehf. verði lagt niður og farið að semja við svæðin/félögin aftur.



HÞ svarar. Hann segir þetta vera fyrirkomulagið hjá FEIF þ.e. samið við ákveðið land gegn ákveðnu gjaldi, og vissulega sé þetta ein hugmynd, leigja mótið út áfram til annars aðila, sem tæki allan pakkann að sér, fyrir ákveðna upphæð.

2. Örmerki - dómaramál

Erlendur Árnason formaður Gæðingadómarafélags LH kemur í pontu. Hann minnir á að á Landsþingi LH 2012 var samþykktur aflestur örmerkja á öllum keppnishrossum. Hann segir þetta ekki hafa gengið eftir 2013, sem sé alls ekki gott, því árangur keppnishrossa skráist í Sportfeng og því mikilvægt að hafa á hreinu að rétt hross sé í braut. Þarf að framkvæma þetta tékk í fótaskoðun.

Erlendur minnir einnig á að samþykkt var á Landsþingi í fyrra að dómarafélögin úthluti dómurum. Þetta er erfitt fyrirkomulag.

Úrtökur fyrir LM, eru á þremur helgum, 45 félög, 50 dómarar, erfitt að sinna þessu öllu. Ansi þétt vinna á þessum stutta tíma.

Erlendur vill koma með eina uppástungu varðandi LM2014 á Hellu: reiðhöllin, hafa hana sem hesthús.

SÆ í pontu: í framhaldi af því sem Erlendur sagði. Hann sagði kerfið hafa virkað vel, eins og það var áður. Varðandi dagsetningar móta vill SÆ koma með tillögu varðandi það að festa dagsetningar móta, þannig að það verði föst Íslandsmótshelgi, bæði barna og fullorðinna, svipað og með Landsmót sem er alltaf á sömu helgi. Þetta myndi hafa í för með sér að þá yrði auðveldara að manna mótin.

Formaður Faxe: Þetta á ekki að vera á höndum félaganna, að ákveða dagsetningarnar, þetta á að vera útgefið af LH.

Góður punktur sem stjórn tekur til skoðunar.

3. Björgunarhestar Íslands

Halla Kjartansdóttir kemur í pontu: Segir stutt frá björgunarhestum Íslands. Fageining innan Landsbjargar. Eru starfandi í Borgarfirði og fyrir norðan. 30. nóvember verður fundur á Sauðárkróki þar sem verður kynning á starfinu. Heimasíðan er www.bjorgunarhestar.123.is Hvetur fólk til að kynna sér þetta.

4. Landsmót 2014 - jákvæðni

Ólafur Þórisson formaður Geysis: Jákvæða hugarfarið í salnum hvarf um leið og minnst var á Landsmót. Landsmót er stærsti viðburðurinn okkar og það á að vera skemmtilegt að koma að því. Spurt var hvort af Landsmóti 2014 yrði, þó hann áttaði sig ekki á spurningunni, kannski af því að lítið hefur borið á mótinu í fjölmiðlum hér heima. Mannvirkjanefnd LH hefur komið og tekið svæðið út, þannig að svæðið hlýtur að vera klárt. Varðandi spurningu sem Hjörtur kom með áðan hvort of dýrt væri á Landsmót þá er það ekki dýrt nema við tölum um að það sé



dýrt. Við þurfum að sameinast í því að taka þátt í verkefnum, og hlakka til að taka þátt í því. Landsmót er í dag mesta þrætuefni sem hestamaður getur fundið, sem er mjög leiðinlegt, þar sem þetta er okkar stærsti viðburður. Honum fannst of lítið talað um LM fyrir hádegi, en ákvað, í ljósi þess að ætla að vera meira jákvæður, að segja ekki neitt. Hann gagnrýnir það hversu langan tíma það hefur tekið að finna út úr fjármálum LM, 3 ár sem það hefur verið tæknilega gjaldþrota. Passar það að fara til baka og láta félögin aftur sjá um mótið? Hann er ekki viss um það. Ítrekar það að tala þarf jákvætt um mótið, og halda því áfram eftir að fundinum lýkur.

HP kemur í pontu. Hann fagnar því að menn hafi áttað sig á þeirri neikvæðu umræðu sem verið hefur í kringum landsmótið, að fólk hafi alltaf hugsað hverju sé hægt sé ná út úr mótinu, í stað þess að hugsa um hvað mótið geti gert fyrir kynningu á hestinum. Þegar ákveðið var að halda LM í Reykjavík tók við ótrúleg umræða í hestamannafélögunum, hreyfingin sjálf tætti sig í sundur innanfrá, í umræðu um Landsmót. Það hefur vantað virðingu þegar rætt er um landsmót, alltaf talað um þetta sem einhvern óvin hestamanna. Það finnst hvergi í bókum LH að ákveðið hafi verið að halda bara LM á tveimur stöðum, það voru bara 2 svæði sem eignuðu sér landsmótin með mikilli óbilgirni. HP segist sammála því að þetta hafi auðvitað tekið alltof langan tíma að fá einhverja lausn á málum Landsmóts ehf. Það var hinsvegar tekin sameiginleg ákvörðun um að halda mót 2011, og treysta því að okkur yrði komið til bjargar, sem var svo ekki gert. Nú eigum við að vera bjartsýn og horfa til framtíðar. Þetta er okkar stærsti gluggi, en hann verður aldrei stærri en við sjálf. Við eigum að hugsa um að það sé gaman á mótinu, en ekki að það sé of dýrt inn á mótið. Síðan LM ehf. var stofnað hefur LM fengið um 11 milljónir frá Ríkinu (með 6 milljónir frá Bjargráðasjóði innifaldar) en svæðin sem halda mótið hafa fengið vel á annað hundrað milljónir á sama tíma. Þá bætir HP við, að þetta snýr auðvitað líka að heimamönnum. Hann nefnir dæmi um að heimamenn á Hellu myndu setja upp skilti á Hellu þar sem kæmi fram að haldið yrði mót þar 2014 (var rætt 2012), skiltið er ekki enn komið upp.

5. TREC – Brokk og skokk

Ingvar Hjálmarsson formaður Smára: í framhaldi af Trec kynningu frá SÆ vildi Ingvar segja frá því að æskulýðsnefnd Smára hélt keppni í sumar sem kölluð var „Brokk og skokk.“ Þessu var skipt í 2 hópa, fjölskylduhring og íþróttabraut. Vildi kynna þetta þar sem þetta er öðruvísi keppni og jákvæð og tókst með eindæmum vel.

Fundi slitið

HP kemur í pontu. Þakkar fundargestum fyrir góðan og málefnalegan fund. Vonar að þetta verði upphafið að því að fólk fari að bera meiri virðingu fyrir hvort öðru, og öllum skoðunum. Að menn átti sig á því að við erum ein heild. Þetta er fjölskyldusport og við þurfum að haga okkur í samræmi við það. Þakkar Huldu fyrir góða fundarstjórn og fundargestum fyrir komuna. Býður fólki niður í veislusal ÍSÍ í léttar veitingar og slítur fundi.

Fundi slitið.